

Sérstakt fargjald fylgdarmanns endurgreiða sjúkratryggingar samkvæmt sömu reglum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar, ef sjúklingurinn er 16 ára eða yngri eða ef hann er ósjálfbjarga. Þetta á þó einungis við um áætlunarferðir.

Sjúkratryggingar endurgreiða með sömu skilyrðum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings 16 ára og yngri. Endurgreiðsla slíkra ferða takmarkast við eina vitjun í viku til sjúklings.

Sérákvæði um tannréttingar.

4. gr.

Pegar um er að ræða ferðir sjúklinga til tannréttinga, sem hvorki geta talist vera vegna meiri háttar galla eða alvarlegs tilefnis, sbr. 1. gr., taka sjúkratryggingar þó þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum, með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) Sjúkratryggingar endurgreiða 50% af ferðakostnaði sjúklings skv. 1. mgr. 2. gr. og sjúklingur ber 50% án sérstaks hámarks.
- 2) Endurgreiðsla á sérstöku fargjaldi fylgdarmanns skv. 2. mgr. 2. gr. miðast við að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem samdar eru af tryggingaráði, á grundvelli staflíðs j í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1989, staðfestast hér með, sbr. og 3. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1989, og öðlast gildi 1. mars 1991. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 70 frá 1. mars 1982 um ferðakostnað sjúklinga innanlands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis er taki gildi 1. mars 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis, nr. 124, 14. mars 1990, með síðari breytingum:

Taxti C.2. Daghitun rofin:	Grunnverð	VSK
Orkugjald verði	2,25 kr/kWh	2,80 kr/kWh
Fastagjald verði óbreytt.		

Taxti D.2. Garðyrkjunotkun:		
Orkugjald verði	2,53 kr/kWh	3,15 kr/kWh
Fastagjald verði óbreytt.		

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.